

43

23. marz

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðiskipum á sumarsíldveiðum með herpinót eða hringnót skal skipta í flokka, sem hér segir:

1. fl. Herpinótaskip.
2. — Hringnótaskip.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatrygginga-sjóð bátaútsveigsins, sbr. lög nr. 38 24. maí 1958, um breyting á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 23. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

44

24. marz

REGLUGERÐ

um stefnuljós á bifreiðum.

1. gr.

Á bifreið skulu vera stefnuljós af einhverri eftirtaldrá gerða:

- a. Ljósker sitt hvorum megin framan og aftan á bifreið. Skulu þau lýsa með hvítu eða rauðgulu ljósi með vissu millibili fram fyrir og rauðu eða rauðgulu ljósi aftur fyrir bifreiðina.
- b. Ljósker eitt eða fleiri á hvorri hlið bifreiðar, er lýsi fram og aftur eins og segir í a.-lið.
- c. Hreyfanlegur armur á hvorri hlið bifreiðar. Armarnir skulu vera með rauðgulu ljósi, þegar þeir eru í láréttri stöðu eða sveiflast upp og niður.

Tíðni ljósa samkvæmt a.- og b.-lið skal vera 60—120 rið á mínútu. Stefnuljós-ker skulu staðsett þannig, að ljósin sjáist greinilega frá stöðum á framlengdri miðlengdarlinu bifreiðar, 10 metra fyrir framan og 10 metra fyrir aftan hana. Á vörubifreið með opnum palli skal miðað við, að hann sé hlaðinn að yztu brún. Ljós frá stefnuljóskerum samkvæmt a.- og b.-lið skal vera sýnilegt, einnig í sólskinu, í 30 metra fjarlægð. Ef nauðsynlegt er, má nota saman stefnuljós samkvæmt a.—c.-liðum. Stefnuljós samkvæmt a.- og b.-lið megi ekki vera hærra yfir akbraut en 175 cm. Bifreiðaeftirlitið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef það telst hættu-laust.

Ef stefnuljós eru ekki tengd stýrisbúnaði eða tímarofi stöðvar ekki merkjagjöf, skulu þau tengd sérstökum ljósa- eða hljóðmerkjabúnaði, er gefi öikumanni til kynna, hvenær þau eru í notkun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 1958, öðlast þegar gildi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 24. marz 1959.

Friðjón Skarphéðinsson.

Gústav A. Jónasson.